

Tilmæli 15/2024  
Tillaga B 347/PRE  
Afgreiðsla Forsætisnefnd

## Nefndarálit um svar við tilmælum 15/2024

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð bóki hjá sér svarið við tilmælum 15/2024 að því er varðar Samstarfsáætlanirnar 2025–2030 og álíti afgreiðslu þeirra lokið af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Samstarfsáætlanirnar og umsagnir til ráðherranefndarinnar voru til umræðu á þingfundi á þemaþingi Norðurlandaráðs á Íslandi árið 2023. Eftir það voru tillögur þingmannanna sendar skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar til frekari meðferðar. Að því loknu var unnið hörðum höndum.

Ráðherranefndin kynnti forsætisnefnd og fagnefndum Norðurlandaráðs drög sín að ráðherranefndartillögu um væntanlegar samstarfsáætlanir 2025–2030 á þemaþingi Norðurlandaráðs í Færeyjum í apríl 2024.

Fundirnir á þemaþinginu voru eitt af lokaskrefunum á langri vegferð í áttina að niðurstöðu úr samstarfi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um þær samstarfsáætlanir sem kynntar voru.

Almennt þótti fagnefndunum og forsætisnefndinni ánægjulegt að þess sæi stað í samstarfsáætlununum að tekið væri tillit til þeirra athugasemda, tillagna og álita sem höfðu verið gefin. Ýmis atriði hafi þó ekki verið tekin inn í drögin að samstarfsáætlununum.

Athugasemdirnar voru sendar í minnisblaði til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar þann 29. apríl 2024 til frekari afgreiðslu á komandi fundum.

Á septemberfundi forsætisnefndarinnar á Álandseyjum gat forsætisnefndin loks samþykkt nefndarálit um ráðherranefndartillögurnar með svofelldu orðalagi.

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:



- að Norræna ráðherranefndin framkvæmi ráðherranefndartillöguna um samstarfsáætlanir 2025–2030
- að Norræna ráðherranefndin fylgi eftir þeim ábendingum sem borist hafa frá forsætisnefndinni og fagnefndunum
- að Norræna ráðherranefndin haldi áfram því uppbyggilega samstarfi sem átt hefur sér stað í tengslum við bæði samstarfsáætlanirnar og fjárhagsáætlunina

Forsætisnefndin hefur ráðfært sig við Norrænu ráðherranefndina jafnaðarlega um samstarfsáætlanirnar og gerði meðal annars neðangreindar athugasemdir þegar þær voru kynntar.

### **Svar Norrænu ráðherranefndarinnar**

Norðurlandaráð hefur lagt sitt af mörkum við undirbúning samstarfsáætlananna og komið með gagnlegar ábendingar. Norræna ráðherranefndin hefur tvisvar í ferlinu fengið skriflegar tillögur og athugasemdir frá Norðurlandaráði, í fyrsta lagi í september 2023, eftir að ráðherranefndin hvatti Norðurlandaráð með bréfi í febrúar sama ár til að senda inn tillögur um pólitísk forgangsmál, og í öðru lagi eftir afgreiðslu Norðurlandaráðs á ráðherranefndartillögum um drög að samstarfsáætlunum 2025–2030 á þemaþinginu í apríl 2024.

Komu margar góðar og mikilvægar ábendingar í þessum tveimur lotum og voru bæði í fyrra og seinna skiptið teknar til umfjöllunar á öllum sviðum.

Ráðherranefndin átti fulltrúa á öllum nefndarfundum á þemaþinginu og kynntu þeir drögin að viðkomandi samstarfsáætlun. Sérhvert svið hefur tekið afstöðu til þeirra ábendinga sem bárust um samstarfsáætlun þess og hluti kynningarinnar snerist þess vegna um hvernig áætlanirnar endurspegluðu það.

Pólitísk forgangsmál ásamt markmiðum og undirmarkmiðum Norrænu ráðherranefndinnar fyrir næstu sex ár afmörkuðu samstarfsáætlanirnar. Þetta þýðir að athugasemdir við t.d. margra ára fjárhagsramma eða önnur málefni sem falla utan þessarar afmörkunar koma ekki fram í samstarfsáætlununum. Sama á við um tillögur að framkvæmdum sem tengjast fremur gerð starfsáætlana, skýringa með áætlunum o.fl., sem fram fer í núverandi starfslotu.

Norræna ráðherranefndin vill ekki síður en Norðurlandaráð halda áfram hinu uppbyggilega samtali og góða samstarfi sem verið hefur undanfarið ár um fjárhagsáætlunina og samstarfsáætlanirnar.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.*



## Sjónarmið forsætisnefndar

Norræna ráðherranefndin lýsir yfir að Norðurlandaráð hafi lagt sitt af mörkum við gerð samstarfsáætlananna með gagnlegum ábendingum og að samstarfið hafi gengið mjög vel. Auk þess lýsir Norræna ráðherranefndin yfir vilja sínum til að halda áfram hinu uppbyggilega samtali og nána samstarfi við Norðurlandaráð einnig framvegis. Norðurlandaráð hefur sömuleiðis lagt áherslu á það allan tímann hve mikilvægt sé að vinna þétt og náið saman.

Forsætisnefndin telur svarið viðunandi og að orðið hafi verið við tilmælunum þar með.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Heléne Björklund (S)*

*Dagbjört Hákonardóttir (Sf.)*

*Henrik Møller (S)*

*Kim Berg (sd)*

*Halla Hrund Logadóttir (FSF)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Lars-Christian Brask (LA)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*

*Helge Orten (H)*

*Kathy Lie (SV)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Angelika Bengtsson (SD)*